



Reykjavík, 17. apríl 2018

Um leið og Þjóðleikhúsið þakkar frábæra samvinnu og viðtökur vegna farar okkar með leiksýninguna *Oddur og Siggi* á yfirstandandi leikári þá óska ég eftir áframhaldandi samvinnu. Þetta leikár sýnum við rúmlega 30 sýningar á yfir 20 stöðum fyrir um 4000 börn á landsbyggðinni og er það mögulegt vegna samvinnu við sveitarfélög og skóla um land allt.

Næsta haust stefnir Þjóðleikhúsið á för um allt land með brúðumeistararum Bernd Ogródnik og sýninguna hans *Sögustund*. Þjóðleikhúsið hefur undanfarin haustmisseri boðið 5 ára börnum af höfuðborgarsvæðinu á *Sögustund* og að þessu sinni mun börnum af landsbyggðinni á aldrinum 5-6 ára boðið og verða allir landshlutar heimsóttir. Fjöldi sýninga á hverjum stað fer eftir fjölda barna.

Í sömu leikferð ætlum við einnig að gera okkur ferð á elli- og hjúkrunarheimili á nokkrum völdum stöðum og sýna aðlögun á sýningunni sem kallast *Umbreyting*.

Það sem við óskum eftir frá ykkur er tvennt:

- a) Að útvega sýningarrými, það rými þarf að vera hægt að myrkva og þar þurfa að vera að minnsta kosti 4 rafmagnstenglar fyrir 220 volta rafmagn og lofthæð að minnsta kosti 3 metrar. Leikrými (leikmynd + svið) þarf að vera minnst 6x4 metrar og síðan þarf að vera pláss fyrir áhorfendur.
- b) Gistingu (á þeim stöðum sem þarf) í uppabúnum rúmunum fyrir 3 einstaklinga þann tíma sem uppsetning og sýningar koma til með að taka.

Mín von er að með þessari sýningu sé Þjóðleikhúsið meira þjóðleikhús í því að sinna landsbyggðinni betur og við munum að sjálfsögðu gera okkar til þess að gagnrýnendur og fjölmiðlar mæti og segi frá viðburðinum.

Við munum á næstu dögum fylgja þessu bréfi eftir með nánari upplýsingum. Allar fyrirspurnir má senda á hildur@bruduheimar.is

Ari Matthíasson, þjóðleikhússtjóri